

einnig felst á ákvæði undirdómsins að því til málskostnaðar kemur, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Vinni stefnda eið þann, sem henni er gjörður, virðist áfrýjandi eiga að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi, sem virðist hæfilega ákveðinn 15 krónur, en vinni hún ekki eiðinn, skal málskostnaður fyrir yfirdómi falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Vinni stefnda Snjáfríður Gísladóttir eið þann, sem undirdómarinn hefir gert henni, ber áfrýjanda Ólafi Árnasyni að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum. Að öðrum kosti falli málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dómiaum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 21. aprílmán.

Nr. 49/1901.

Einar Finnsson
gegn

bæjarfógeta Halldóri Danielssyni f. h.
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

D ó m u r:

Þegar kjörskrá til alþingis var samin fyrir Reykjavíkurborg fyrir árið 1901—1902, var áfrýjanda þessa máls, verkstjóra Einari Finnssyni, slept af skránni. Hann kærði þá yfir þessu til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, en hinn 17. maí f. á. lagði bæjarstjórnin þann úrskurð á málið, að honum hefði verið slept réttilega af skránni vegna yfirrættardóms 5. nóv. 1900. Þá höfðaði Einar Finnsson mál á móti bæjarstjórninni fyrir gestarétti Reykjavíkur, til þess að fá hana skyldaða til að taka sig upp á alþingiskjörskrána, en með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 3. ágústmán. f. á., var þessari kröfu hans hrundið og jafnframt var hann skyldaður til að greiða 8 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda bæjarstjórnarinnar, yfirrættarmálafærslumanns Odds Gíslasonar. Dómi þessum hefir Einar Finnsson skotið til yfirrættarins með stefnu, útgefinni 26. nóv. f. á., og krafist þess hér fyrir réttinum, að gestaréttardómurinn verði felður úr gildi, að það verði ákveðið með dómi yfirrættarins, að áfrýjandinn skuli tekinn upp á alþingiskjörskrá Reykjavíkur, og að bæjarstjórnin verði skylduð til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Af bæjarstjórnarinnar hálfu hefir þess verið krafist, að hinn áfrýjadi dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Með áminstum yfirrættardómi, uppkveðnum 5. nóv. 1900, sem eigi hefir verið áfrýjað, var áfrýjandi dæmdur í 14 daga einfalt fangelsi fyrir brot gegn 259. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og er afbroti hans lýst þannig í dómnum, að hann, sem árin 1898 og 1899 hafði á hendi ráðningu verkamanna til vegavinnu fyrir

landssjóðinn, hafi ráðið einn mann í vinnuna á þann hátt, að hann var kallaður maður áfrýjanda og tók áfrýjandi kaup hans til sín, 2 kr. 75 a. fyrir hvern dag, en borgaði mannum að eins 2 kr. um daginn í daglaun, og segir svo í dómnum, að með þessari aðferð hafi ákærði dregið sér sviksamlega fé úr landssjóði og hafi bakað sér með því refsingu, og síðar segir í dómnum, að ákærði hafi gjört sig sekan í sviksamlegum fjáðrætti að því er snertir kaupgreiðslu áður umgetins verkamanns. Yfirdómurinn verður að álíta, að verknadur sá, sem áfrýjandi þannig hefir verið dæmduur sekur fyrir, sé svivirdilegur að almenningsáliti, sbr. lög um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, 2. gr., og að áfrýjandi verði eigi talinn hafa óflekkað mannorð, meðan hann hefir eigi fengið uppreist æru sinnar, sbr. stjórnarskrána 5. jan. 1874, 17. gr., og samkvæmt þessu verður það að álitast rétt, að honum var synjað um upptöku á alþingiskjörskrá Reykjavíkurkaupstaðar. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjanda gestaréttardóm bæði að þessu leyti, og að því er málsvarnarlaunin snertir. Svo þykir og rétt eftir þessum úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda 8 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður.
 Áfrýjandi Einar Finnsson greiði stefnda bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni fyrir hönd bæj-

arstjórnarinnar í Reykjavík 8 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn dæmdi kostnaður og málsvarnarlaun greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maímánaðar.

Nr. 6/1902.

W. Ó. Breiðfjörð
gegn

Sigurði Thoroddsen.

D ó m u r:

Hinn 28. f. m. átti að taka mál þetta fyrir í yfirdóminum, en áfrýjandinn, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð í Reykjavík, sem hafði haft frest í málinu og fengið skjöl málsins að láni, mætti þá eigi í réttinum og enginn af hans hendi. Stefndi, Sigurður verkfræðingur Thoroddsen, sem mætti í réttinum, krafðist þess þá, að málið væri hafið og áfrýjandinn dæmdur til að greiða sér hæfilegan kost og tæringu. Þessa kröfu stefnda ber að taka til greina, og þykir hæfilegt, að áfrýjandi greiði honum í kost og tæringu 12 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta skal vera hafið. Áfrýjandinn kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð greiði stefnda Sigurði verkfræðing Thoroddsen í kost og tæringu 12